



Vinnumarkaðurinn óðum að braggast

Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands er áætlað að um 215.400 manns hafi verið á vinnumarkaði í júlí 2021, sem jafngildir 81,5% atvinnuþátttöku. Af þeim voru um 206.600 starfandi, eða 78,2% af vinnuaflinu, og um 8.800 atvinnulausir og í atvinnuleit, eða um 4,1% af vinnuaflinu.

Starfandi fólk í júlí fjölgaði um 10.200 milli ára, en fækkaði eilítið frá síðasta mánuði en þá hafði starfandi fólk aldrei verið fleira í einum mánuði í vinnumarkaðsrannsókninni. Atvinnulausum fækkaði um 4.400 frá júlí í fyrra og atvinnuleysi hefur minnkað stöðugt síðustu mánuði. Hlutfall starfandi var 78,2% í júlí og hækkaði um 3,1 prósentustig frá júlí 2020.

Atvinnuþátttaka á uppleið




Í fyrra fór atvinnuþátttaka lægst niður í 73,4% í apríl og hafði ekki verið lægri áður í sögu vinnumarkaðskönnunarinnar. Atvinnuþátttaka hefur aukist stöðugt á þessu ári og var 81,5% nú í júlí sem er 1,3 prósentustigum meira en í júlí í fyrra.

Sé miðað við 12 mánaða hlaupandi meðaltal var atvinnuþátttaka mest um mitt ár 2017, en þá fór hún upp í 82%. Samsvarandi tala nú er 78,1% og hefur atvinnuþátttaka á þann mælikvarða verið á stöðugri uppleið frá því í janúar.

Mismunandi mælingar á atvinnuleysi

Atvinnuleysi, samkvæmt mælingum Hagstofunnar, var 4,1% í júlí, sem er 2,2 prósentustigum lægra en á sama tíma í fyrra. Almennt atvinnuleysi skráð hjá Vinnuálastofnun var hins vegar 6,1% í júlí og hafði minnkað um 1,8 prósentustig milli ára.

Frá apríl til júlí í ár er áætlað að um helmingur afskráninga af atvinnuleysisskrá hafi verið vegna ráðningarstyrkja og að án þess stuðnings hefði atvinnuleysi verið um 2,5 prósentustigum meira í júlí.¹ Það skiptir því miklu að þau störf sem hafa orðið til með þessum hætti verði varanleg og að ekki komi bakslag í atvinnuleysi.



¹ Peningamál 2021-3



Þörf fyrir atvinnu

Samkvæmt könnun Hagstofunnar höfðu alls um 21.900 einstaklingar þörf fyrir atvinnu í júlí 2021. Sá fjöldi jafngildir 9,9% af vinnuafli og mögulegu vinnuafli. Af þessum hópi voru 40% atvinnulausir og 22% tilbúnir að vinna en ekki að leita að vinnu. 9% voru í vinnuleit en ekki tilbúnir að vinna og 29% voru starfandi en samtímis vinnulitir og vildu vinna meira. Þessi tala Hagstofunnar, um 9,9% þörf fyrir atvinnu, er töluvert hærri en mæling Vinnuálastofnunar á heildaratvinnuleysi í júlí, sem var 6,1%. Samkvæmt þröngri skilgreiningu Hagstofunnar á atvinnuleysi var það hins vegar talið vera 4,1% í júlí.

Vinnuafslnotkun jókst milli ára fjórða mánuðinn í röð

Starfandi fólki í júlí fjölgaði um 5,2% miðað við sama mánuð í fyrra. Vinnutími stýttist um 0,25% á sama tíma þannig að heildarvinnustundum fjölgaði um 4,9% milli ára. Þetta er fjórði mánuðurinn í röð sem við sjáum fjölgun heildarvinnustunda milli ára, en þeim tók að fækka í upphafi ársins 2020 um svipað leyti og faraldurinn brast á.

Vinumarkaðurinn að rétta úr kútnum

Áhrif faraldursins komu sérstaklega fram í atvinnuleysi á fyrsta árinu og það náði nýjum, áður óþekktum hæðum. Segja má að atvinnuleysið hafi verið meginásýnd þessarar kreppu. Atvinnuleysi hefur hins vegar farið hratt minnkandi á síðustu mánuðum, en þar eiga ráðningarstyrkir nokkuð stóran hlut að máli.


Aðrar stærðir, eins og fjöldi og hlutfall starfandi, atvinnuþátttaka og vinnuafslnotkun, færðust einnig í neikvæða átt á þessum tíma en eru óðum að færast í rétta átt. Þannig hefur heildarvinnustundum nú fjölgað fjóra mánuði í röð.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.


Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

Þörf fyrir atvinnu - júlí 2021



Heimild: Hagstofa Íslands

Atvinna og vinnutími - júlí 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans